



Hversu mikið vatn kemst í glasið?

Náið ykkur í glas og vatnskönnu. Setjið eins mikið vatn í glasið og hægt er, best er að nota dropateljara undir lokin. Hvernig væri að hafa smá keppni á milli liða, hver nær að fylla glasið mest án þess að vatn leki út fyrir.




Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Flýtur bréfaklemma á vatni?

Fyllið glas af vatni, reynið að hafa glasið sléttfullt. Ýtið bréfaklemmu frá hlið glásbrúnarinnar og inn á miðju. Hvað gerist?


Setjið svo smá dropa af uppþvottalegi á fremst á einn fingur. Snertið yfirborð vatnsins með fingrinum. Hvað gerist nú?



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Áhrif sápu á pipar

Setið smá vatn í skál og sáldrið svo pipar úr piparkvörn yfir vatnið. Piparinn ætti að fljóta á vatninu. Hvað gerist ef þið setjið dropa af sápu á fingurgóminn og snertið yfirborð vatnsins í miðri skálinni?





Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Í hvaða röð?

Náið ykkur í glas og hellið ca. 3 cm lagi af sýrópi í krukkuna. Næst skuluð þið hella jafnmiklu af olíu í glasið og að lokum setjið þið jafnmikið af vatni. Það gæti verið gaman að setja matarlit út í vatnið áður en vatnið er sett út í.

Næst á dagskrá er að setja ýmsa ólíka hluti ofaní krukkuna. Það gæti t.d. verið legókubbur, steinn, vínber og korktappi.



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Hver er munurinn á saltvatni og kranavatni?


Náið ykkur í stórt glas eða krukku. Hellið 1dl af salti í glasið/krukkuna ásamt 5dl af köldu vatni. Hrærið vel. Setjið svo 5dl af heitu vatni í könnu og litið með matarlit. Nú skuluð þið hella heita vatninu varlega ofan á saltvatnið. Best er að hafa skeið undir bununni. Setjið að lokum harðsoðið egg varlega út í vatnið. Litaða vatnið ætti að fljóta ofan á saltvatninu en hvað verður um eggjið?



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Hvað vegur steinninn mikið?


Jæja þessa tilraun er ágætt að gera úti. Náið ykkur í bala og stóra fötu. Setjið fötuna ofan í balann og fyllið fötuna alveg af vatni, en það á ekkert vatn að vera í balanum. Þegar þessu er lokið, kemur að því skammtilega. Náið í stóran stein og smellið steininum ofaní fötuna (hér á að sullast en gæta þarf þess að allt umfram vatnið lendi í balanum). Að lokum þurfið þið að ná ykkur í vog og vigta vatnið sem fór í balann. Það má gera með því að vigta balann með vatninu í og síðan balan tóman. Vigtið líka steinninn. Hvað ætli steinninn vegi ofan í vatninu?



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Blöðrupróf


Sækið tvær blöðrur og blásið þær upp. Hafið helmingi meira loft í annarri blöðrunni og bindið fyrir. Næst skuluð þið fylla stórt kar af vatni eða framkvæma þessa tilraun í skólasundinu. Þrýstið báðum blöðrunum á kaf í vatnið, jafn djúpt. Sleppið svo blöðrunum og fylgist með því hvor blaðran skýst hærra upp úr vatninu.



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.

Flýtur leir á vatni?

Í þessari tilraun eigið þið að ná ykkur í smá klípu af leir og skál eða bala með vatni. Hvað gerist ef leirkúla er sett í vatnið? Reynið nú að móta kúluna þannig að hún líkist bát. Hvað gerist núna? Þið gætuð þurft að reyna nokkrum sinnum til að fá bátinn til að fljóta, ekki gefast upp of fljótt !!



Skráið í vinnubók framkvæmd og niðurstöður. Geymið smá pláss fyrir fræðilega útskýringu sem þið fyllið inn í lok kaflans. Teiknið myndir til útskýringar eftir því sem við á.